

## 5. reglugerð Bandalags íslenskra skáta

### Utanferðir skáta

#### 1. grein.

Hver sá sem tekur þátt í hópferð á vegum skáta skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- 1 Verða 13 ára á árinu, en ef þátttakendur eru yngri þarf samþykki Alþjóðaráðs.
- 2 Sé virkur skáti
- 3 Hafa dvalið í tjaldbúðum í minnst þrjár nætur.
- 4 Hafa skriflegt leyfi forráðamanns og félagsforingja, eða umboðsmanns hans, til fararinnar sé skáti yngri en 18 ára.
- 5 hafa greitt félagsgjald í skátafélagi eða styrktargjald BÍS.

#### 2. grein.

Hver sá sem tekur að sér fararstjórn fyrir íslenskum skátahópi skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

- 1 Vera a.m.k. 20 ára, vera fjárráða og hafa undirritað drengskaparheiti.
- 2 Hafa sótt námskeið í barnavernd og hafa reynslu af hópstjórnun, t.d. stjórnað námskeiði, verið fararstjóri á mót, hafa gegnt stöðu sveitarforingja eða annarri æðri foringjastöðu.
- 3 Hafa haldgóða þekkingu á tungumáli þess lands sem farið er til eða ensku.
- 4 Hafa reynslu í ferðalögum erlendis.
- 5 Hafa þekkingu á alþjóðaskátastarfi.

#### 3. grein.

Helstu verkefni og skyldur fararstjóra eru:

- 1 Að gera sitt besta til að ferðin verði hverjum þátttakenda jákvæð upplifun.
- 2 Að stuðla að því að kynning hópsins á Íslandi og íslensku skátastarfi verði sem best.
- 3 Að annast allar bréfaskriftir og upplýsingamiðlun vegna ferðarinnar.
- 4 Að gera fjárhagsáætlun og ferðaáætlun fyrir ferðina.
- 5 Að fylgja hópnum frá upphafsstað til endastaðar.
- 6 Að ljúka störfum með skýrslu um ferðina ásamt fjárhagsuppgjöri innan tveggja mánaða frá heimkomu.

#### 4. grein.

- 1 Skátafélög geta staðið fyrir hópferðum skáta.
- 2 Stjórn félagsins ber þá fulla ábyrgð á ferðinni, tilnefnir fararstjóra og samþykkir fjárhagsáætlun.
- 3 Að ferð lokinni skilar fararstjóri félagsstjórninni skýrslu sinni og fjárhagsuppgjöri.
- 4 Ætíð skal tilkynna Alþjóðaráði um slíkar ferðir og senda skal ráðinu afrit af skýrslu ferðarinnar.

Öll atriði greina 1 til 3 í þessari reglugerð gilda um hópferðir á vegum skátafélaga.

## 5. grein.

Um ferðir sem Alþjóðaráð ákveður og skipulagðar eru á vegum Bandalags íslenskra skáta gildir eftirfarandi, auk þess sem að framan greinir:

- 1 Fjárhagsáætlun ferðarinnar skal hljóta samþykki gjaldkera BÍS og skal hann leggja fararstjórn til hvernig fjármálastjórn ferðarinnar skal háttað.
- 2 Við ákvörðun ferðakostnaðar skal tekið tillit til kostnaðar við þá þjónustu sem skrifstofa BÍS veitir við undirbúning ferðarinnar. Stjórn BÍS ákvarðar hver þessi upphæð skal verða á hvern þátttakenda.
- 3 Ferðakostnaðurinn skal ákvarðaður sem ein upphæð og skal sú upphæð tryggja að ferðin standi alfarið undir sér. Ráðstöfun hagnaðar/taps er alfarið í höndum stjórnar BÍS, en fararstjórn er heimilt að koma með ábendingar þar um án skuldbindinga.
- 4 Ferðaáætlun skal lögð fyrir Alþjóðaráð
- 5 Að ferð lokinni skal fararstjóri skila skýrslu sinni til Alþjóðaráðs innan tveggja mánaða frá heimkomu og fjárhagsuppgjöri til gjaldkera BÍS innan sama tíma.
- 6 Stjórn BÍS skal skipa aðra í fararstjórn og ákvarðar fjöldann í fararstjórninni sem og fjölda foringja í ferðinni að fengnum tillögum frá Alþjóðaráði og fararstjóra

## 6. grein.

Fararstjóri skal njóta þjónustu skrifstofu BÍS í eftirtöldu:

- 1 Frágangi og fjölföldun bréfa.
- 2 Útsendingu upplýsinga.
- 3 Móttöku þátttakendatilkynninga og þátttökugjalda.
- 4 Fjármálaumsýslu
- 5 Aðstoð við upplýsingamiðlun um ferðina.
- 6 Aðgangi að upplýsingum um skátastarf í því landi sem farið er til.
- 7 Aðgangi að handbók fararstjóra.

Samþykkt á stjórnarfundum BÍS, 05. nóvember 2014